



Jóhanna G. Árnadóttir

Verkefnisstjóri sýninga og safnfræðslu /

Head of Exhibitions and Education

Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Reykjavik Museum of Photography

Grófarhús 6. hæð, Tryggvagata 15

Tel: +354 563-1790

[johanna.gudrun.arnadottir@reykjavik.is](mailto:johanna.gudrun.arnadottir@reykjavik.is)

<http://www.ljosmyndasafnreykjavikur.is>

## Keiko Kurita

### *kyrrt vatn*

12. mars – 5.maí 2009

Keiko Kurita er ungur japanskur listamaður og ljósmyndari. Sýning hennar *Kyrrt vatn* hefst í Skoti Ljósmyndasafns Reykjavíkur fimmtudaginn 12.mars n.k.og stendur til 5.maí. Sýningin er styrkt af Nomura menningarstofnuninni í Japan.

Keiko hefur sótt Ísland heim sjö sinnum á tímabilinu 2004-2006. Sýningin *kyrrt vatn* samanstendur af myndröð þar sem kastljósinu er beint að íslenskri vetrarstemningu: „Hin undarlega kyrrð landslagsins, brot úr vetrarlífi eins og sundlaugar með heitu vatni sem á upptök sín í heitum hverum og göngutúrar á frosnum stöðuvötnum draga fram hlýju og fegurð í óhemju kaldri veröld.“ Á sýningunni eru 10 c-týpu print ásamt bók sem er fánleg í aðeins 10 eintökum. Bókin er myndafrásögn 43 ljósmynda og eru 43 þeirra sýndar í myndvarpasýningunni.

Keiko valdi 10 print (ca. 40x40cm) sem ná fram helstu aðalatriðum innan myndraðarinnar.

Þess má geta að einnig verður sýning á verkum Keiko opnuð í Listasafni ASÍ þann 4 apríl og mun standa til 26 apríl. Sýningin ber heitið *tree/sleep* sem samanstendur einnig af 10 c-týpu printum. Grænn andi svífur yfir vötnum á þeirri sýningu og eru sýningarnar ólíkar að því leyti en það sem einkennir þær báðar er hins vegar sérstök næmni og hreint gegnsætt yfirbragð.